

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Á eftir 1. másl. 4. mgr. 54. gr. reglnanna bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Stúdent er óheimilt að leggja oftar en einu sinni fram til eininga ritgerð eða annað fræðilegt efni, í heild eða að stórum hluta, nema með leyfi þess kennara sem í hlut á. Tilvitnanir í eigin, áður útgefin verk, skulu lúta sömu reglum og gilda um tilvitnanir í verk annarra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 88. gr. reglnanna:

- a. Við upptalningu kennslugreina í 1. mgr., á eftir málsliðnum „Til MS-prófs í fjármála-hagfræði“, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Til MA-prófs í hagnýtri hagfræði.
- b. 12. mgr. orðast svo:
Skipan MS-námsins miðast við þrjú eða fjögur misseri. Nám til MS-prófs er 90 einingar hið minnsta, þar af eru 60 einingar í námskeiðum og 30 eininga ritgerð. Nemendur sem vilja ljúka 120 eininga MS-prófi eiga kost á 60 eininga ritgerð. Þá er heimilt að stofna til 120 eininga náms til MS-prófs. Nemendur ljúka þá 90 einingum í námskeiðum og skrifa 30 eininga ritgerð. Deildin setur nánari reglur um inntökuskilyrði, námsleiðir og námskröfur.
- c. 13. mgr. orðast svo:
Skipan MA-námsins miðast við fjögur misseri. Nám til MA-prófs er 120 einingar. Nemendur ljúka 90 einingum í námskeiðum og skrifa 30 eininga ritgerð. Deildin setur nánari reglur um inntökuskilyrði, námsleiðir og námskröfur.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. reglnanna:

- a. Í stað núverandi 3. másl. 4. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Til MS-prófs er krafist 120 eininga hið minnsta. Til M.Fin.-, M.Acc.- og MA-prófs er krafist 90 eininga hið minnsta.
- b. 1., 2. og 3. másl. 8. mgr. orðast svo: Skipan MS-námsins miðast við fjögur misseri. Nám til MS-prófs er 120 einingar hið minnsta, þar af eru 90 einingar í námskeiðum og 30 eininga ritgerð. Nemendur eiga kost á að óska eftir að skila 60 eininga ritgerð.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 105. gr. reglnanna:

- a. Núverandi b. liður 1. mgr., um nám til kandidateksprófs í sálfræði, fellur brott.
- b. Í stað orðanna „verklegt og fræðilegt nám“ í 2. másl. 7. mgr. kemur: fræðilegt og verklegt.
- c. Í stað orðsins „þriggja“ í 4. másl. 7. mgr. kemur: fjögurra.
- d. Á eftir 4. másl. 7. mgr. bætast við fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Námið á kjörsviðinu *klinísk sálfræði* inniheldur starfsþjálfun undir handleiðslu sálfræðinga á viðurkenndum stofnunum. Námið miðast við að sá sem hefur lokið því uppfylli skilyrði laga til að kalla sig sálfræðing. Starfsþjálfun stúdenta í hagnýtri sálfræði fer eftir reglum sem deildin setur. Til að útskrifast með prófgráðuna MS í hagnýtri sálfræði verður vegin meðaleinkunn, í þeim námskeiðum þar sem einkunn er gefin, að vera 7,0 eða hærri.
- e. 8. mgr. fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. reglnanna:

- a. Orðin „kandidateks- eða“ í 4. másl. 1. mgr. falla brott.
- b. 1. másl. 7. mgr. orðast svo: Fræðasvið heilbrigðisvísinda gerir árlega, að tillögu sálfræðideildar, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í MS-námi í hagnýtri sálfræði.

6. gr.

Í öðrum másl. b. liðar 1. mgr. 113. gr., á eftir orðunum „sbr. 1. mgr. 109. gr.“, bætast við orðin: og í sýningargerð, miðlun og sýningarstjórnun, í samvinnu við sagnfræði- og heimspekideild, sbr. 1. mgr. 115. gr.

7. gr.

Í öðrum másl. b. liðar 1. mgr. 115. gr., á eftir orðunum „sbr. 1. mgr. 109. gr.“, bætast við orðin: sýningargerð, miðlun og sýningarstjórnun, í samvinnu við íslensku- og menningardeild, sbr. 1. mgr. 113. gr.

8. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 18. desember 2017.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.